



MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Í tengslum við umfjöllun á 180. fundi skóla- og frístundaráðs um staðfestingu skóladagatala fyrir skólaárið 2021 – 2022

1. Umfjöllun á 180. fundi skóla- og frístundaráðs

Á 180. fundi skóla – og frístundaráðs þann 25. febrúar 2020 var lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 11. febrúar 2020, um staðfestingu skóladagatala grunnskóla Reykjavíkur fyrir skólaárið 2021-2022 en afgreiðslu frestað.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúi Flokks fólksins lagði fram svohljóðandi bókun:

Flokkur fólksins styður þá skoðun sem fram hefur komið á fundi skóla- og frístundaráðs í umræðunni um staðfestingu á skóladagatali þar sem fram kemur að um sé að ræða of mikla miðstýringu. Sjálfsagt er að setja ramma en innan þess ramma eigi skólum að vera treyst til að skipuleggja dagatal sitt eins og hentar, og í samráði við kennara og jafnvel foreldra.

Áheyrnarfulltrúi kennara í grunnskólum lagði fram svohljóðandi bókun:

Nú er vinna við starfsáætlanir og skóladagatöl í gangi fyrir skólaárið 2020-2021. Samkvæmt 29. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008 skal í hverjum grunnskóla gefa út skólanámskrá og starfsáætlun. Í árlegri starfsáætlun skal m.a. gera grein fyrir skóladagatali þ.m.t. lengd jólaleyfis, páskaleyfis og annarra vetrarleyfa, starfsáætlun nemenda, skólareglum, stöðþjónustu, félagslífi og öðru því sem varðar starfsemi skólans ár hvert. Sérstaklega er tekið fram í þeirri lagagrein að hún skuli unnin í samræmi við lög, reglugerðir, aðalnámskrá, kjarasamninga og ákvarðanir sveitarstjórnar um fyrirkomulag skólahalds. Fari starfsáætlun gegn kjarasamningum fara þær því jafnframt gegn lögum og eru því ólögmatar. Skóladagatöl eru í stuttu máli lýðræðislegt ferli innan skóla en ekki miðstýrt valdboð. Samráðsvinna kennara og stjórnenda innan hvers skóla mótar innihald skóladagatala sem síðan er lagt fyrir skólaráð skólans til samþykktar. Þaðan eru þau send viðkomandi skólanefnd (skóla- og frístundaráð) til staðfestingar. Vinna við skóladagatal starfsárið 2021-2022 er eðli málsins samkvæmt ekki tímabær. Kjarasamningar eru ókláraðir og hafa veruleg áhrif á skóladagatal.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins lögðu fram svohljóðandi bókun:

Hér er um enn eina miðlæga ákvörðunina að ræða sem tekin er fyrir alla skóla borgarinnar þannig að skólarnir hafa hvorki tillögurétt né ákvörðunarvald um hvernig vetrarfrí skólanna er skipulagt næstu tvö árin. Mikilvægt er að sjálfstæði skólanna sé virt og að skólarnir hafi möguleika á sveigjanleika í að skipuleggja vetrarfríin í samráði við kennara, starfsfólk og foreldra skólanna.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar og Pírata lögðu fram svohljóðandi bókun:

Hér er lagt fram skóladagatal fyrir skólaárið 2021-2022 til kynningar, en afgreiðslu þess er frestað. Vilji meirihlutans í ráðinu er ekki að miðstýra eða taka fram fyrir hendur skólastjórnenda, og því leggjum við áherslu á að eiga nánara samtal við skólasamfélagið áður en málið verður tekið til afgreiðslu.

2. Upplýsingar á heimasíðu mennta- og menningarmálaráðuneytis

Í tengslum við málið er vísað til svars á heimasíðu mennta- og menningarmálaráðuneytis um skipulagsdaga en upplýsingarnar eru svohljóðandi:

- 1. Hefur bæjarstjórn heimild til að taka einhliða ákvörðun um skipulagsdaga leik- og grunnskóla?*
- 2. Hvað á að leggja til grundvallar við ákvörðun skipulagsdaga í leik- og grunnskólum?*
- 3. Hver á að ákvarða dagsetningar skipulagsdaga í leik- og grunnskólum?*
- 4. Hvert er hlutverk skólaráða og skólanefndar við ákvörðun skipulagsdaga?*

Samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008 og lögum um grunnskóla nr. 91/2008 bera sveitarstjórnir ábyrgð á heildarskipan skólahalds í leik- og grunnskólum sveitarfélaga. Í 28. gr. grunnskólalaga segir að skólastjóri ákveði nánari útfærslu vikulegs kennslutíma í samráði við skólaráð. Í lögum nr. 91/2011 um breytingu á lögum um grunnskóla nr. 91/2008 kemur m.a. fram um starfstíma skóla, að sveitarstjórnnum sé heimilt að samræma tiltekna leyfisdaga innan skólaársins fyrir alla skóla í sveitarfélaginu, að höfðu samráði við hagsmunaaðila. Þótt sveitarstjórnir hafi í raun það vald að samræma vetrarleyfi í leik- og grunnskólum sveitarfélagsins er talið rétt að lögbinda þessa heimild, ekki síst til að undirstrika mikilvægi þess að hafa samstarf um slíkt við hagsmunaaðila. Þar er t.d. átt við skólaráð grunnskóla, foreldraráð leikskóla og skólameistara framhaldsskóla ef áhugi er á víðtæku samstarfi um leyfisdaga.

Í 6. grein grunnskólalaga laga segir að í hverju sveitarfélagi skuli í umboði sveitarstjórnar starfa skólanefnd sem fer með málefni grunnskóla eftir því sem lög og reglugerðir ákveða og sveitarstjórn eða sveitarstjórnir kunna að fela henni. Eitt af meginhlutverkum skólanefndar er að staðfesta starfsáætlun skóla ár hvert og skólanámskrá einstakra skóla. Í 4. grein laga um leikskóla segir að nefnd, kjörin af sveitarstjórn, fari með málefni leikskóla í umboði sveitarstjórnar. Í 14. grein sömu laga segir að skólanámskrá og starfsáætlun skuli staðfestar af nefnd skv. 2. mgr. 4. gr., að fenginni umsögn foreldraráðs, og skulu þær kynntar foreldrum.

Í 8. grein grunnskólalaga segir að við grunnskóla skuli starfa skólaráð sem sé samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélags um skólahald. Skólaráð tekur þátt í

stefnumörkun fyrir skólann og mótun sérkenna hans. Skólaráð fjallar um skólanámskrá skólans, árlega starfsáætlun, rekstraráætlun og aðrar áætlanir um skólastarfið.

Í 11. grein leikskólalaga segir að kjósa skuli foreldraráð við leikskóla og skal leikskólastjóri hafa frumkvæði að kosningu í ráðið. Hlutverk foreldraráðs er að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiriháttar breytingar á leikskólastarfi.

Í 29. grein grunnskólalaga segir að í hverjum grunnskóla skuli gefa út skólanámskrá og starfsáætlun. Skólastjóri er ábyrgur fyrir gerð þeirra og skal semja þær í samráði við kennara. Í árlegri starfsáætlun er m.a. gerð grein fyrir skóladagatali, þ.m.t. lengd jólaleyfis, páskaleyfis og annarra vetrarleyfa, starfsáætlun nemenda, skólareglum, stoðþjónustu, félagslífi og öðru því sem varðar starfsemi skólans ár hvert. Starfsáætlun skóla skal árlega lögð fyrir skólanefnd til staðfestingar sem staðfestir gildistöku hennar þegar ljóst er að hún hafi verið unnin í samræmi við lög, reglugerðir, aðalnámskrá, kjarasamninga og ákvarðanir sveitarstjórnar um fyrirkomulag skólalahalds.

Skólastjóri er ábyrgur fyrir útfærslu þessara ákvæða og einnig fyrir umfjöllun í skólanum og í skólaráði og að gera skólanefnd grein fyrir því með hvaða hætti áætlanir hafi staðist. Starfsáætlun og skólanámskrá skulu vera aðgengilegar öllum aðilum skólasamfélagsins.

Í 14. grein laga um leikskóla segir að leikskólastjóri gefi árlega út sérstaka starfsáætlun. Í starfsáætlun er gerð grein fyrir árlegri starfsemi leikskóla, svo sem skóladagatali og öðru því sem varðar starfsemi leikskólans. Skólanámskrá og starfsáætlun skulu staðfestar af nefnd skv. 2. mgr. 4. gr., að fenginni umsögn foreldraráðs, og skulu þær kynntar foreldrum.

Samanber ofangreind lagaákvæða er ákvörðun um skipulagsdaga á hendi skólastjóra en sveitarstjórn getur, sem ábyrgðaraðili skólalahalds í sveitarfélaginu og í krafti yfirstjórnunarheimilda sinna beint tilmælum til skólastjórnenda að samræma skóladagatal innan sveitarfélagsins. Skólastjórnendum er rétt að hafa slík tilmæli til hliðsjónar við ákvörðun um skipulagsdaga. Eðlilegt er að sveitarstjórn taki mið af þeirri málsmeðferð sem lög um leikskóla og lög um grunnskóla gera ráð fyrir við ákvörðunartöku sem þessa og að gætt sé lögbundins samráðs við hagsmunaaðila skólasamfélagsins.

Þá er jafnframt vísað til upplýsinga á heimasíðu mennta- og menningarmálaráðuneytis varðandi beiðni um úrskurð um skóladagatal, sjá hér:

<https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2014/08/08/Alit-ad-thvi-er-tekur-til-skoladagatala-tveggja-grunnskola-i-Kopavogi/>

3. Stefnumótun menntaráðs og skóla- og frístundaráðs

Í greinargerð starfshóps um aukna samþættingu leikskóla og grunnskóla, dags. í júní 2004 er ein af tillögum starfshópsins svohljóðandi:

Leikskólar og grunnskólar í sama hverfi hafi með sér formlegt og skipulagt samstarf og geri samstarfsáætlun að vori með ákveðnum dagsetningum varðandi samstarfið. Mikilvægt er að stjórnendur beggja skólastiga tilnefni ákveðna verkefnastjóra eða tengiliði til að sinna samstarfinu.

Í tengslum við málið hefur verið farið yfir fyrri afgreiðslur menntaráðs og skóla- og frístundaráðs og er niðurstaða sú sem um getur hér að neðan.

Þann 19. febrúar 2007 var lögð fram svohljóðandi bókun menntaráðs:

Menntaráð beinir því til sviðsstjóra Menntasviðs að hefja samstarf við Leikskólasvið um samþættingu starfsdaga/vetrarfrís sem miðaðar að aukinni hagræðingu fyrir fjölskyldur borgarinnar. Menntaráð leggur til að stíga skref í þessa átt þegar á næsta skólaári og stefnt verði að fullri samþættingu sem fyrst.

Þann 25. febrúar 2009 er svohljóðandi tillaga samþykkt í menntaráði:

Aukið svigrúm og samvinna milli skólastiga er í anda nýrra leik- og grunnskólalaga. Því vill menntaráð hvetja skólastjóra grunnskóla að við gerð skóladagatala hafi þeir samráð við leikskólastjóra.

Á 136. fundi menntaráðs þann 12. janúar 2011 er eftirfarandi bókað í fundargerð:

Lagt fram bréf fræðslustjóra, dags. 5. janúar sl., varðandi upphaf skólustarfs, vetrarleyfi og umhverfisdaga hjá nemendum í grunnskólum Reykjavíkur skólaárið 2011 – 2012. Þar er gert ráð fyrir að skólustarf hefjist mánudaginn 22. ágúst; að þeir skólar sem taka vetrarleyfi velji eftirtaldar dagsetningar á haustönn: 21., 24. og 25. október og á vorönn 23. og 24. febrúar og að umhverfis dagar verði 13. september 2011 og 23. apríl 2012.

Samþykkt.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins og Vinstri grænna lögðu fram svohljóðandi tillögu:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins og Vinstri grænna í menntaráði leggja til að stofnaður verði hópur sem hafi það verkefni að samræma starfsdaga leikskóla og grunnskóla. Markmiðið sé að á næsta ári verði í sameinuðu menntaráði sameiginlegt skóladagatal samþykkt.

Samþykkt.

Á 147. fundi menntaráðs þann 25. maí 2011 var eftirfarandi bókað í fundargerð:

Lagt fram minnisblað fræðslustjóra, dags. 18. maí sl., varðandi staðfestingu skóladagatala grunnskóla skólaárið 2011-2012.

Samþykkt.

Jafnframt lagt fram minnisblað sviðsstjóra leikskólasviðs og fræðslustjóra, dags. 23. maí sl., um samræmingu skipulagsdaga í leik- og grunnskólum.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins lögðu fram svohljóðandi tillögu:

Menntasvið og Leikskólasvið hanni mót af reykvísku skóladagatali fyrir leikskóla, grunnskóla og frístundaheimili. Mótið sé dagatal sem merkir inn helstu frídaga,

sérstaka daga sem haldið er upp á í Reykjavík (t.d. uppákomur í menningarlífi borgarinnar, sérstakir dagar hjá bókasöfnum og fleira) og árvissa viðburði. Samræmdir starfsdagar og vetrarfrídagar í hverfum séu merktir inn. Skólarnir sjálfir geta svo bætt við sínum einkennum og viðburðum auk starfsáætlana og mótið felli úr gildi dagatal merkt Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Samþykkt.

Í minnisblaðinu, dags. 23. maí 2011, kemur eftirfarandi fram:

Skrifstofustjóra grunnskólaskrifstofu og Leikskólasviðs var falið af framkvæmdastjórum viðkomandi sviða að skoða hvernig best væri að standa að þessu verkefni.

Þar sem ljóst var að hópurinn þyrfti tíma í þessa vinnu og skólar byrja mjög snemma að skipuleggja skóladagatöl næsta skólaárs var ákveðið að beina því til skólastjórnenda leik- og grunnskóla, eins og gert hefur verið síðust árin, að þeir sameinuðu að minnsta kosti þrjá af fimm starfsdögum með nærliggjandi leik- og grunnskólum næsta skólaár.

Í könnun sem var gerð meðal leikskólastjóra sl. haust kemur fram að skipulagsdagar í 80% leikskólanna eru haldnir í samráði við nærliggjandi grunnskóla. Samsvarandi könnun um hvernig gengið hefði að samræma skipulagsdaga í leik- og grunnskólum, á næsta skólaári, er í undirbúningi og verður hún send til skólastjórnenda í haust.

Í framhaldi af því mun staðan verða metin og hópurinn hefja störf.

4. Niðurstaða skóla- og frístundasviðs

Með vísan til þess sem að framan hefur verið rakið er ákvörðun um skipulagsdaga á hendi skólastjóra en sveitarstjórn getur, sem ábyrgðaraðili skólahalds í sveitarfélaginu og í krafti yfirstjórnunarheimilda sinna, beint tilmælum til skólastjórnenda að samræma skóladagatal innan sveitarfélagsins. Skólastjórnendum er rétt að hafa slík tilmæli til hliðsjónar við ákvörðun um skipulagsdaga. Eðlilegt er að sveitarstjórn taki mið af þeirri málsmeðferð sem lög um leikskóla og lög um grunnskóla gera ráð fyrir við ákvörðunartöku sem þessa og að gætt sé lögbundins samráðs við hagsmunaaðila skólasamfélagsins. Þá ber að geta þess að skóladagatal vegna skólaársins 2021 – 2022 var lagt fram til samráðs á samráðsfundi fulltrúa skólastjóra með skrifstofu skóla- og frístundasviðs.

Þá ber að geta þess að í skóladagatali sem lagt er fram til samþykktar kemur eftirfarandi fram:

Samkvæmt kjarasamningi sveitarfélaga við Kennarasambands Íslands skulu skóladagar nemenda vera 180 á tímabilinu 20. ágúst til 10. júní.

Sérstakir starfsdagar kennara á starfstíma nemenda eru fimm og skulu ákveðnir af skólastjóra í samráði við kennara og með hliðsjón af kjarasamningum.

Starfsdagar kennara utan starfstíma nemenda eru 8. Starfsdagar kennara á starfstíma nemenda eru jafn margir og starfsdagar í leikskólum. Stefna skóla- og frístundasviðs er að í hverju hverfi leitist skjólastjórnendur leik- og grunnskóla við að samræma starfs- og skipulagsdaga til hagræðis fyrir fjölskyldur í Reykjavík. Miða skal við að að lágmarki verði þrír af fimm starfsdögum samræmdir í grunnskólum og leikskólum í næsta nágrenni. Skólastjórar eru hvattir til að stefna að því að samræma alla fimm starfs- og skipulagsdagana.